



Alþingi
Félagsmálanefnd
Við Austurvöll

150 Reykjavík

SA/

Rvk. 27.11.2002

Efni: Umsögn um frumvarp til laga stéttarfélag og vinnudeilur, 5. mál lausir kjarasamningar, 128. löggjafarþing 2002-2003.

Í frumvarpinu er lagt til að tekin verði upp ný regla um gildistöku launahækkana og annarra kjarabóta skv. kjarasamningum. Reglan verði sú að séu kjarasamningar lausir lengur en sex mánuði skuli upphafshækkun launaliða og önnur atriði sem bæta kjör launþega þegar kjarasamningur kemst á virka aftur til helmings þess tíma sem liðinn er án nýs kjarasamnings. Við hverja tvo mánuði sem bætast við án kjarasamnings færast gildistaka upphafshækkunar aftur um einn mánuð. Eftir tólf mánuði eða meira með lausa kjarasamninga gildir umsamin hækkun frá því að samningurinn féll úr gildi. Óheimilt verði að semja um annan upphafsgildistíma, nema því aðeins að launþegum verði greidd eingreiðsla.

Samtök atvinnulífsins eru andvíg framangreindri breytingartillögu og mæla gegn samþykkt hennar. SA mótmæla ennfremur þeim hugsunarhætti, sem fram kemur í tillögunni, að það sé hlutverk löggjafans að hlutast til um efnisinnihald kjarasamninga með þessum hætti.

Virðingarfyllst,

Hannes G. Sigurðsson, aðst. framkvæmdastjóri